

Forritunarkeppni grunnskólanna

Heil og sæl,

Tækniskólinn heldur Forritunarkeppni grunnskólanna **1. apríl 2017**. Keppnin er opin öllum grunnskólanemendum sem hafa áhuga á forritun og er þetta í annað skipti sem þessi keppni er haldin.

Til þess að undirbúa keppendur sem best, munu nemendur og kennara Tækniskólans, halda **forritunarbúðir laugardaginn 11. mars frá kl. 10:00-16:00** í Vörðuskóla. Forritunarbúðirnar eru góður undirbúningur fyrir forritunarkeppnina og er skráning í forritunarbúðirnar á: www.kodun.is

Enginn kostnaður er við að taka þátt í forritunarbúðunum né forritunarkeppninni. Allar nánari upplýsingar er að finna á www.kodun.is eða hjá undirritaðri.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Kær kveðja,
Guðrún Randalín Lárusdóttir
Skólastjóri Upplýsingatækniskólans
grl@tskoli.is / 514 9351

Tölvubraut – opið hús

Tölvubraut í Tækniskólanum verður með opið hús, í samstarfi við nemendafélagið ENIAC, í Vörðuskóla á Skólavörðuholti, **fimmtudaginn 8. desember 2016 kl. 10:00-15:00**.

Á staðnum verða kennarar og nemendur sem svara spurningum um nám á tölvubrautinni.

Margt forvitnilegt að skoða og prófa:

- Verkefni nemenda t.d. vélmenni, tölvuleikir, vefsíður og ýmis forrit.
- Örnámskeið í forritun.
- Tölvuleikjaspilun.
- Innanhúsforritunarkeppni (verðlaun).
- Keppni í tölvusamsetningum (verðlaun).
- Kapphlaup í netsnúrugerð (verðlaun).
- Örfyrirlestrar; ljóð með bot, SQL injection, Git, Drupal, A.I. og fleiri.
- Kynning á forritunarbúðum grunnskóla.
- Kynning á forritunarkeppni grunn- og framhaldsskóla.
- Námskynningar; Vefskólinn og Kvikmyndatækni.
- Opnar kennslustofur.

Smelltu hér til að lesa auglýsinguna.

Menntabúðir Forritun – Fréttir

Fimmtudaginn 27. október voru haldnar Menntabúðir og umfjöllunarefnið var forritun og leikjafræði. **Rúmlega 30 þátttakendur** mættu og tóku virkan þátt sem var samvinnuverkefni UT-torgs, Menntamiðju, Reykjavíkurborgar, RANNUM og Menntavísindasviðs HÍ.

Eftirfarandi kynningar voru:

- Gunnar Ingi Magnússon frá RÚV, kynnti Microbit tölvuna og nýja forritunarkennsluvef www.krakkaruv.is/kodinn.

- Guðrún Randalín Lárusdóttir, skólastjóri Upplýsingatækniskólans og Ólafur Sveinn Jóhannesson, deildarstjóri markaðs- og kynningardeildar Tækniskólans, kynntu Forritunarkeppni grunnskólanna og fyrirhugaðar Forritunarbúðir fyrir kennara (nánar auglýst síðar).
- Jórunn Pálsdóttir og Sveinn Bjarki Tómasson, kennarar og verkefnastjórar í Melaskóla, kynntu Lego Wedo.
- Anna María Þorkelsdóttir, verkefnastjóri í Hólabrekkuskóla, kynnti forritunarkennslu í Hólabrekkuskóla en þar er hefst forritunarkennsla í 1. bekk.
- Tryggvi Thayer, verkefnastjóri Menntamiðju, kynnti tónlistarforritun án kóðunar.
- Bjarndís Fjóla Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Kennslumiðstöð HÍ, kynnti ýmsar bjargir fyrir kennara um forritun. Sjá sameiginlega Padlet töflu. Taflan er opin og hugmyndin er að við söfnum í sameiningu góðum tenglum og sögum, fordæmum í forritunarkennslu.

Myndirnar hér fyrir neðan voru teknar á Menntabúðunum.



Menntabúðir –
Forritun –
27.10.16



Tölvuval í Kelduskóla Vík

Í vetur stóð nemendum í 8.-10. bekk til boða valáfanginn „Tölvuval“ sem Rakel G. Magnúsdóttir hafði umsjón með.

Nemendur unnu að mjög fjölbreyttum verkefnum

- Forritun (html, css og c#)
- Vefumsjónarkerfi (WordPress eða Joomla)
- Raspberry Pi
- Augmented reality
- MakeyMakey

Einnig var CCP sótt heim. Í heimsókninni fengu nemendur góða kynningu á verkefnum og starfsemi fyrirtækisins.

Í lokin var haldið “Nördakvöld”. Þar mætti Rakel með fullt af allskonar “tæknidóti” fyrir nemendur til að prófa. Þar var Makey Makey, Osmo, Dróner, minnsti dróner í heimi, njósnara bíll, Ferari sportbíll, Little bits, Augmented Reality bækur, Google Cardboard svo eitthvað sér nefnt.

Einnig mættu tveir gestafyrirlesarar þeir Eypór Máni, nemandi í Tækniskólanum (www.tskoli.is) og Arnar frá Dronefly (www.dronefly.is). Eypór Máni fræddi nemendur um Raspberry Pi smátölvur. Sem hann hefur sjálfur lært á og unnið mikið með í sínu námi.


Arnar kom með nýjasta drónerinn til að sýna og kynnti þau fjölbreyttu verkefni sem fyrirtækið hefur tekið að sér.


Eins og sjá má á myndbandi var mikið fjör og margt fróðlegt í gangi.

<https://vimeo.com/167676351>

Bjarndís Fjóla Jónsdóttir, verkefnastjóri Kennslumiðstöð HÍ
Rakel G. Magnúsdóttir, stundakennari

Myndirnar hérna fyrir neðan voru teknar á „Nördakvöldinu“.







DCIM100MEDIADJI_0
007.JPG

Forritunarbúðir

Mikið líf og fjör var í Vörðuskóla dagana 12. og 13. febrúar sl., er þar voru haldnar forritunarbúðir fyrir grunnskólanemendur allstaðar af landinu. Búðirnar voru liður í undirbúningi fyrir Forritunarkeppni grunnskólanna, sem fer fram 1. og 2. apríl nk.

Umgjörð og utanumhald búðanna var í alla staði óaðfinnanlegt og andrúmsloftið einkenndist af léttleika sem endurspegladist í góðu skipulagi frá hendi starfsfólks og nemenda Tækniskólans. Nemendur tölvubrautarinnar sáu um fræðsluna, voru mjög vel undirbúin og stóðu sig með mikilli þrýði.



Grunnskólanemendum var skipt í nokkrar stofur eftir aldri,




getu og áhuga. Einstaklega var gaman að sjá hvað þeir voru fljótir að læra og náðu að leysa skemmtileg og fjölbreytt verkefni. Áhersla var lögð á grundvallaratriði forritunar eins og gagnatýpur og breytur, reiknivirkja, virkja og skilyrðissetningar, lykkjur, klasa, fylki og strengi sem fylki.

Forkeppnin er hafin og stendur yfir frá 22.-28. febrúar. Niðurstöður hennar verða nýttar til að skipta nemendum upp í deildir. Við fögnum þessu frábæra framtaki Tækniskólans og það verður spennandi að fylgjast með áframhaldinu.

Bjarndís og Rakel.

Myndirnar hér fyrir neðan voru teknar í Forritunarbúðunum.





Forritunarkeppni grunnskólanna

Kennarar og nemendur Tækniskólans standa að baki
Forritunarkeppni grunnskólanna

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, mun halda **Forritunarkeppni grunnskólanna 1.-2. apríl næstkomandi**. Hugmyndin af keppninni er sprottin frá kennurum á tölvubraut og koma þeir að framkvæmd keppinnar með aðstoð, bæði fyrrum og núverandi, nemenda við skólann. Þess má til gamans geta að nemandi á tölvubraut hannaði og forritaði heimasíðuna og nemandi í grafískri miðlun hannaði logo keppinnar.

Forritunarkeppnin er **opin öllum grunnskólanemendum** sem hafa áhuga á forritun. Markmið keppinnar er að **kynna** fyrir grunnskólanemendum **forritun** og að grunnskólanemendur komi saman og leysi skemmtileg verkefni. **Í keppninni mega nemendur vinna í 2.-3. manna hópum ef þeir vilja en mega einnig vinna einir.**

Til þess að undirbúa grunnskólanemendur fyrir keppnina mun Tækniskólinn standa fyrir **forritunarþúðum þeim að kostnaðarlausu**. Þar munu **nemendur á tölvubraut Upplýsingatækniskólans** fara yfir grunnatriði forritunar og er þetta frábær leið til þess að kynnast forritun eða vilja læra meira. **Forritunarþúðirnar verða helgina 12.-13. febrúar**. Ef nemendur vilja undirbúa sig betur fyrir forritunarþúðirnar eða keppnina sjálfa þá bendum við á **youtube síðu keppinnar**, þar er að finna bæði fyrirlestra og dæmi.

Allar nánari upplýsingar um Forritunarkeppni grunnskólanna er að finna á heimasíðu keppinnar **kodun.is**.